

Matvælaráðuneyti
Borgartún 26
108 Reykjavík

Garðabær, 21. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0001/0002
SS

Efni: Aðgerðaáætlanir landbúnaðar- og matvælastefnu.

Í júní 2023 voru samþykktar á Alþingi landbúnaðarstefna til 2040 og matvælastefna til 2040. Matvælaráðherra hefur nú kynnt drög að aðgerðaráætlun matvælastefnu til næstu fimm ára og aðgerðaráætlun landbúnaðarstefnu til næstu fimm ára.

Náttúrufræðistofnun Íslands skilaði umsögnum til atvinnuveganefndar Alþingis þann 17. apríl 2023 um báðar stefnur þegar þær voru til umfjöllunar sem þingsályktunartillögur. Í umsögnunum komu fram ýmsar ábendingar m.a. um æskileg verkefni til að ná fram markmiðum um að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif, tryggja sjálfbærni og innleiða vistkerfisnálgun.

Til einföldunar skilar stofnunin sameiginlegri umsögn um aðgerðaráætlanirnar tvær.

Í aðgerðaráætlun matvælastefnu er að stærstum hluta vísað í aðgerðir í öðrum stefnum sem geta talist sem undirstefnur s.s. um einstaka atvinnuvegi matvælaframleiðslu þ.m.t. landbúnaðarstefnuna en einnig stefnur um landgræðslu og skógrækt og drög að stefnum um lagareldi og sjávarútveg sem biða samþykktar Alþingis.

Einungis ein sértæk aðgerð matvælastefnu tengist fagsviði Náttúrufræðistofnunar Íslands en það er aðgerð um að leggja mat á stöðu innan málaflokka matvælaráðuneytis gagnvart markmiðum Samnings Sameinuðu Þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun vill vekja athygli á að nýlega tók stofnunin við af umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu sem aðaltengiliður Íslands við Samning Sameinuðu Þjóðanna og ætti því að vera mikilvægur samráðsaðili við framkvæmd aðgerðarinnar, sér í lagi þegar kemur að upplýsingamiðlun um framgang mála á vettvangi samningsins.

Í aðgerðamáætlun landbúnaðarstefnu er skilgreind sambærileg aðgerð (nr. 3.1) um að leggja mat á stöðu landbúnaðar gagnvart markmiðum Samningsins. Sama ábending um hlutverk Náttúrufræðistofnunar og var gerð um aðgerð matvælastefnunnar á hér einnig við. Við það má bæta að Náttúrufræðistofnun bendir á ýmis efnisatriði í umsögn sinni um landbúnaðarstefnuna er varðar áhrif landbúnaðar á líffræðilega fjölbreytni sem taka ætti tillit til við framkvæmd þessarar aðgerðar s.s. hvernig val á nýju landbúnaðarlandi tekur tillit til líffræðilegrar fjölbreytni, hvernig vinna þarf gegn togstreitu milli hagsmuna landbúnaðar og náttúruverndar t.d. varðandi endurheimt og verndun votlendis, um samlegð framkvæmda í landbúnaði og markmiða í náttúruvernd s.s. hlutverk tónsláttar við að tryggja búsvæði fugla á fartíma, samspil markmiða um sjálfbæra landnýtingu við markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni o.fl.

Margar aðgerðir í aðgerðamáætlun landbúnaðarstefnu snúa að loftslagsmálum (kaflí 2). Þar er lykilatriði að samþætta markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og aukningu í kolefnisbindingu sem allra mest við markmið um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Það er í




takt við sameiginlegar ráðleggingar IPCC og IPBES. Eins og bent er á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um landbúnaðarstefnuna verður að forðast að einblína á leiðir sem geta mögulega falið í sér neikvæðar afleiðingar fyrir líffræðilega fjölbreytni og forgangsraða ætti náttúrumiðuðum loftslagslausnum sem fela í sér ágóða fyrir verndun og endurheimt vistkerfa sem landbúnaður hefur áhrif á. Aðgerð 2.2. um loftslagsráðgjöf, 2.3 um loftslagsvæna hvata, 2.4 um rannsóknir og 2.5 um aðlögun landbúnaðar að loftslagsbreytingum þurfa allar að taka tillit til þessa atriðis og tryggja góða samþættingu við markmið um líffræðilega fjölbreytni. Sama á við um aðgerð 9.2. um fræðslu fyrir bændur í loftslagsmálum, fræðsla þarf einnig að ná til líffræðilegrar fjölbreytni og samþættingu aðgerða. Einnig þarf að tryggja að við endurskoðun stuðningskerfis landbúnaðarins sem fjallað er um í kafla 10 sé horft til þess að kerfið endurspegli vel markmið landbúnaðarstefnunnar um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni.

Aðgerð 3.1 ætti að nýtast vel við að taka saman lykilupplýsingar og skapa grundvöll fyrir nauðsynlega samþættingu málefna loftslagsbreytinga og líffræðilegrar fjölbreytni.

Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um framkvæmd aðgerðaáætlananna tveggja er tengjast hlutverki og fagsviði stofnunarinnar eins og við á.

Virðingarfyllst,



Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs